

AUGLÝSING

um fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga.

1. gr.

Á grundvelli 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið samið fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga. Gildir sú fyrirmynd þar til ráðuneytið hefur staðfest sérstaka sambærilega samþykkt fyrir sveitarfélag. Fyrirmynindin birtist hér með sem fylgiskjal.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi 30. september 2021, en þá fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 976/2012.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 4. október 2021.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hermann Sæmundsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT um stjórn sveitarfélagsins [...]

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélags.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins [...] er skipuð [...] fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Sveitarfélag [...] er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélags.

Sveitarfélag [...] annast þau lögmæltu verkefni sem því eru falin í lögum sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneytinu.

Sveitarfélag [...] vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélagini [...] er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélagini, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða framkvæmdastjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmann í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarstjórnar reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlunar, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyriktækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að samþykkja og hafa eftirlit með gerð og framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Að setja sveitarfélagini málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Að móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrijú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðalögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélaga, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórnar. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórnboðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórnfer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör oddvita og varaoddvita.

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um það hvort kjörtímabil oddvita og varaoddvita sé hið sama og sveitarstjórnar eða hvort kjósa skuli þá til eins árs í senn. Einnig skal hún taka ákvörðun um fjölda varaoddvita. Skal þetta koma fram í samþykkt. Ef sveitarstjórn velur þá leið að kjósa fleiri en einn

varaoddvita, er heimilt að setja í samþykkt ákvæði um að kjósa skuli fyrsta og annan varaoddvita til að gegna, í þeirri röð, störfum oddvita í forföllum hans. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningu oddvita og varaoddvita skal tilkynna til ráðuneytisins, sbr. 6. mgr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða [...] marga varaoddvita. Skulu þeir annað hvort kjörnir til eins árs í senn, að öðrum kosti skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar..

Njóti oddviti eða varaoddviti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef oddviti eða varaoddviti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

Sá telst rétt kjörinn oddviti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu oddvita skjal kjósa varaoddvita. Kosning varaoddvita fer fram með sama hætti og oddvita, enda fari ekki um kosningu hans skv. næstu málsgrein.

Ef sveitarstjórn ákveður að kjósa fleiri en einn varaoddvita, sbr. 1. mgr., er heimilt að setja í samþykkt ákvæði um að kjósa skuli fyrsta og annan varaoddvita til að gegna, í þeirri röð, störfum oddvita í forföllum hans. Skal kosning þeirra vera hlutfallskosning, enda sé ekki full samstaða um annað innan sveitarstjórnar.

Tilkynna skal kosningu oddvita og varaoddvita til ráðuneytis.

III. KAFLI
Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.
8. gr.
Fundir sveitarstjórnar.

Til athugunar:

Samkvæmt 14. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að halda reglulega fundi á þeim stað og tíma sem ákveðið er fyrir fram eða mælt er fyrir um í samþykktum stjórn sveitarfélags. Sveitarstjórn hefur því val um að mæla sérstaklega um fundarstað og tíma í samþykktinni eða kveða á um að reglulegur fundartími og fundarstaður sé ákveðinn fyrir fram og auglýstur sérstaklega.

Sveitarstjórn [...] heldur reglulega fundi sveitarstjórnar á [...] stað, [...] daga, kl. [...].
Aukafundi skal halda þegar oddviti eða framkvæmdastjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur sveitarstjórnarfulltrúa óskar þess.

Sveitarstjórn [...] er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt móttatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Sveitarstjórn [...] er heimilt að fella niður reglulega fundi sveitarstjórnar vegna sumarleyfis

Auglýsa skal fundi sveitarstjórnar á skrifstofu sveitarfélagsins og á vef þess með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina þar dagskrá fundar.

9. gr.
Boðun sveitarstjórnarfunda.

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um hvort framkvæmdastjóri sveitarfélagsins eða oddviti boði fund. Ákvörðun um það skal setti í samþykkt, þar er einnig unnt að setja frekari fyrirmæli um boðun funda, en getið er í þessu ákvæði, svo sem um rafræna sendingu gagna.

[Framkvæmdastjóri/oddviti], boðar fundi.

Fundarboð skal berast sveitarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Fundarboð vegna aukafunda skal berast sveitarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

10. gr.
Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Til athugunar:

Sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til þess hvernig hún hagar afgreiðslu fundargerða fasta nefnda og annarra nefnda sveitarfélagsins og sú ákvörðun þarf að endurspeglast í þessu ákvæði, sbr. 2. og 3. tölul. hér á eftir.

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt hve langan fyrirvara þarf til að fá mál sett á dagskrá, sbr. 3. mgr. hér á eftir. Samkvæmt sveitarstjórnögum skal fullgerð dagskrá send tveimur sólarhringum (48 tímum) fyrir fund.

Framkvæmdastjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarstjórnar, svo og ráðningu framkvæmdastjóra og helstu stjórnendur sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir byggðaráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul., hér að framan og þarfnað staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og framkvæmdastjóri/eða oddviti ákveða að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarfundarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá.

Sveitarstjórnarfundarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það framkvæmdastjóra skriflega eða með rafrænum hætti (innan ákvæðins frests sbr. aths. hér að ofan) til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

11. gr.
Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um það hvernig fundir sveitarstjórnar og dagskrá þeirra skuli auglýstir, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, en heimilt er að auglýsa þá eingöngu á vefsíðu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingi eða með auglýsingi á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um sveitarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.
Opnir fundir sveitarstjórnar.

Til athugunar:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að einstök málí skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Rétt er að miða við að heimild sveitarstjórnar til að loka fundi sé túlkuð með

þróngum hætti og er slíkt eingöngu heimilt í undantekningartilvikum. Sjá nánar álit og leiðbeiningar ráðuneytisins nr. SRN20060063 frá 20. ágúst 2021.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Oddviti eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélags séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddir á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þáttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmög atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Páttaka í fundi með rafrænum hætti.

Til athugunar:

Sveitarstjórn getur ákveðið að sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins sé heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti. Í 17. gr. sveitarstjórnarlaga, er þessi heimild skilyrt við að sveitarstjórnarmaður skuli vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Sílka ákvörðun verður að setja í samþykkt, sbr. 17. gr. laganna og í gildi eru leiðbeiningar ráðuneytisins um framkvæmd þeirra funda þar sem fundarmaður tekur þátt með rafrænum hætti.. Sveitarstjórn er heimilt að þrengja þau skilyrði sem fram koma í leiðbeiningum ráðuneytisins um framkvæmd slíkra funda en ekki að víkka þau.

Sveitarstjórnarmönnum/nefndarmönnum í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í sveitarfélagini [x] eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

- Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
- Staðfestingu ársreiknings.
- Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélags í heild eða meiri hluta þess.
- Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Til athugunar:

Ráðherra skal setja með auglýsingi, leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórn, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn getur fært efni auglýsingarinnar inn í samþykkt sína eða vísað til hennar í samþykktini.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um fundarsköp, sbr. 1. mgr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hér á eftir eru rakin helstu atriði í hefðbundnum fundarsköpum sveitarstjórna eins og þau hafa verið í samþykktum þeirra um áratugaskeið. Sveitarstjórn þarf að taka afstöðu í þessum efnunum og útfæra nánar í samþykktinni.

- a. **Fundarstjórn.** Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmaði hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.
Oddviti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.
- b. **Vald oddvita.** Skylt er sveitarstjórnarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna að því er lýtur að gætt sé góðrar reglu.
Ef sveitarstjórnarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal oddviti víta hann. Ef sveitarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur oddviti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelið það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.
Ef sveitarstjórnarmaður hlýðnast ekki úrskurði oddvita eða almenn óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.
Ef áheyrandi á sveitarstjórafundi raskar fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal.
Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal sveitarstjórnar.
- c. **Afgreiðsla mála.** Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema sveitarstjórn eða oddviti ákveði að önnur röð skuli höfð. Oddviti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlíð á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddir sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.
- d. **Málfreli framkvæmdastjóra.** Framkvæmdastjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfreli og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. **Málfreli.** Sveitarstjórnarmaður hefur málfreli, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.
Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða framkvæmdastjóra eða framsögumann svo og sveitarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður oddviti í hvaða röð þeir tala.
Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.
- f. **Avarp ræðumanns.** Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita.
Sveitarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni.
Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.
Ekki má lesa prentað mál nema oddviti leyfi.
- g. **Hve oft má tala.** Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Framkvæmdastjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls. Framkvæmdastjóri hefur óbundið málfreli.
- h. **Ræðutími.**

Í samþykkt er unnt að setja takmarkanir á ræðutíma. Hægt er að hafa mjög ítarlega og nákvæma útfærslu þar að lútandi en einnig er hægt að setja í samþykkt almenna heimild til takmörkunar,

Telji forseti að umræður dragist úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum þessarar greinar.

- i. **Tillögur og afgreiðsla.** Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.
Oddviti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

j. **Réttur til bókunar.**

Hægt er að ákveða að bókanir og fyrirspurnir skuli vera skriflegar og geti verið að ákveðinni lengd, t.d. 200 orð.

Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

- k. **Atkvæðagreiðsla.** Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Sveitarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Oddviti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykka mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrátti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegrí atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

- l. **Kosningar.** Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Til athugunar:

Sveitarstjórnarlögin mæla fyrir um vanhæfi þegar skyldleiki er að eimum lið til hliðar og er sú regla ekki eins ströng eins og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Sveitarfélag skal taka afstöðu til

pess í samþykkt sinn hvort það ætlað að miða vanhæfisskilyrði hvað þetta varðar við 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga eða miða við vanhæfi að einum lið til hliðar eins og 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga heimilar. Þegar valið er á milli þessara tveggja kosta er eðlilegt að horfa til íbúafjölda sveitarfélaga en síðarnefnda reglan er rökstudd í athugasemdum við frumvarpið með vísan til fámmenni sumra sveitarfélaga. Mikilvægt er að ákveða í samþykkt hvort menn verði vanhæfir að einum eða tveimur liðum til hliðar. Að öðru leyti er einkum sá greinarmunur á hæfisreglum stjórnsýslulaga og sveitarstjórnarlaga að framkvæmdastjóri sveitarfélags sem er jafnframt kjörinn sveitarstjórnarmaður er ekki vanhæfur til að taka þátt í málsmæðferð og ákvörðunartöku þótt hann hafi á fyrri stigum málsmæður sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 20. gr. laganna. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli málsmæður eða uppbygging stjórnerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks, sbr. lokamálslið 1. mgr. 20. gr.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnavaldaðkvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum og í samþykkt þessari. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að *einum lið/öðrum lið* (*verður að taka afstöðu til þess hvort skilyrðið er notað*) til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli málsmæður eða uppbygging stjórnerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótið að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélags.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.
Varamenn í sveitarstjórn.

Til athugunar:

Í samþykkt sveitarfélags skal setja ákvæði um varamenn í sveitarstjórn skv. 21. gr. sveitarstjórnarlaga. Í 21. gr. laganna eru heimilaðar tvær leiðir hvað varðar skipan varamanna, þ.e. að varamenn taki sæti í þeiri röð sem þeir voru kosnir til sveitarstjórnar eða eftir samkomulagi sem aðilar að sameiginlegum frambodslista hafa komið sér saman um. Tilkynning um slíkt samkomulag skal lögð fram í upphafi kjörtímabils og gildir hún til loka þess.

**IV. KAFLI
Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.**

19. gr.

Skyldur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum sveitarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli málsmæður. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur sveitarstjórnarmanna.

Sveitarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá sveitarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelni á fundum sveitarstjórnar efir því sem nánar er ákveðið í fundarskópum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarmaður ekki una úrskurði oddvita um stjórn fundar og fundarskóp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um málsmeðferð varðandi afhendingu gagna, s.s. hvert skuli beina beiðni, afmörkun þeirra gagna sem um ræðir og afgreiðslutíma. Ef gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings er mikilvægt að kveðið sé á um hvernig farið sé með slík gögn, s.s. hvort heimilt sé að taka af þeim afrit og fara með þau af skrifstofu, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga. Sjá nánar álit og leiðbeiningar ráðuneytisins í máli nr. SRN20020089 frá 20. ágúst 2021.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski sveitarstjórnarmaður gagna sem liggja fyrir í stjórnsýslu sveitarfélags skal beina því til framkvæmdastjóra eða skrifstofu sveitarfélagsins sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða eru óvenju viðamikil, er heimilt að bjóða sveitarstjórnarmanni að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins.

Ef beiðni sveitarstjórnarmanns varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsingar.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða

2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Pegar sveitarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélagi um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarmaður flytur um stundarsakir.

Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt 2. mgr. missir sveitarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarmaður missir fjárrorræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er svíptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddir sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestu eða ef frestu hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Póknun o.fl.

Til athugunar:

Sveitarstjórn er heimilt að setja nánari reglur um réttindi sveitarstjórnarmanna samkvæmt þessari grein, svo sem varðandi lífeyrissjóði, fæðingarorlof og biðlaun.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI
Byggðarráð.

Til athugunar:

Sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í sveitarstjórnnum sem eru skipaðar fimm aðalfulltrúum er þó ekki heimilt að kjósa byggðarráð. Byggðarráð skal kosið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Í samþykkt skal sveitarstjórn ákveða hversu marga hún kys í byggðarráð og til hve langa tíma og fer fjöldi þeirra eftir fjölda sveitarstjórnarmanna sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga

Heimilt er að ákveða í samþykktinni að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Neðangreind ákvæði eru dæmi um útfærslu ef kosið er til byggðarráðs.

27. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa [...] (oddatala) aðalmenn og jafnmarga varamenn í byggðarráð til [...] langs tíma. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í byggðarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna. Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Kosning í byggðarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund [...] í hverjum mánuði (einu sinni í viku) annan og fjórða [...] dag kl. [...]

Aukafundi skal halda ef framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, formaður byggðarráðs eða a.m.k. [...] margir byggðarráðsmenn óska þess.

29. gr.

Boðun funda byggðarráðs.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs.

Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. [Lágmark tveir sólarhringar] sólarhring(um) fyrir fund.

Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna framkvæmdastjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

30. gr.

Stjórnun byggðarráðs.

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningasmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skyldt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í byggðaráði.

Til athugunar:

Framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en nær ekki kjöri í byggðarráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum byggðarráðs. Petta á við hafi sveitarstjórn verið kjörin bundinni hlutfallskosningu.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í byggðarráði skulu vera aðalmenn í sveitarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

32. gr.

Verkefni byggðarráðs.

Til athugunar:

Sveitarstjórn getur ákveðið að byggðarráð taki að meira eða minna leyti við starfi annarra fastanefnda sveitarstjórnar og einnig að ályktanir, tillögur og fundargerðir annarra nefnda megi leggja fyrir byggðarráð til umfjöllunar áður en þær eru lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða endanlegrar afgreiðslu. Sílkar ákvárdanir skulu koma fram í samþykkt.

Sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið í samþykkt sinn að fela byggðarráði fyrirfram ákveðin verkefni

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn.

Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.

33. gr.

Heimild byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Til athugunar:

Kveðið er á um heimildir byggðarráðs til fullnaðaráfgreiðslu mála í 5. mgr. 35. gr. og 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vald til fullnaðaráfgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlum eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett. Þá er það skilyrði að byggðarráð getur ekki fullnaðarágreitt mál ef ágreiningur er um málið og á það einnig við þegar byggðaráð afgreiðir mál í sumarleyfi sveitarstjórnar.

Byggðarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans og hefur sömu heimildir og sveitarstjórn meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina og ef lög eða eðli máls mæla ekki gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í byggðarráði telst málið ekki til lykta leitt fyrr en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

VI. KAFLI
Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðarráð.

Til athugunar:

Nokkur atriði sem hver sveitarstjórn verður að taka afstöðu til og setja í samþykkt.

Sveitarstjórn er heimilt að sameina nefndir þó að kveðið sé á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni, t.d. er haegt að fela byggðaráði verkefni nefndar.

Í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni hennar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins, sbr. 4. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nefndir fyrir afmörkuð verkefni og nefndir fyrir hluta sveitarfélags. Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að fara með afmörkuð málefni og málaflokka í hluta sveitarfélagsins skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga. Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal þá kveðið á um hvernig kosið verði í nefndina, þ.e. að nefnd samkvæmt þessari grein skuli kosin af íbúum viðkomandi hluta sveitarfélags sem kosningarétt eiga samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar eða hvort hún tilnefni fulltrúa eða velur skv. öðrum leiðum. Eru þá jafnframt aðeins kjörgengir í nefndina íbúar viðkomandi hluta sveitarfélagsins. Útfærsla á þessari grein getur bæði verið mjög almenn með beinni tilvísun til laga eða nánar útfærð miðað við aðstæður (byggðir/hverfi o.s.frv.)

Pá þarf að ákvarða um hvort og hvernig sveitarstjórn vill nýta sér heimildir til setu áheyrnarfulltrúa.

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir sveitarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélags, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að, skulu vera leyfilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að nefnd fyrir hluta sveitarfélags sé kosin af íbúum viðkomandi hluta þess að uppfylltum öðrum skilyrðum 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarátt í sveitarfélagini, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

*Valdsvið nefnda og framsal sveitarstjórnar til fastanefnda
á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.*

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs, nema slíkt sé ákveðið í lögum. Slíka ákvörðun skal setja í samþykkt.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðri málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða í sérstökum viðauka við hana að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áréttar að afmarka þarf sérstaklega þá ákvörðun sem heimilt er að fullnaðarafgreiða í samþykkt um stjórn sveitarfélags eða í sérstökum viðauka við hana.

Sé fastanefnd falið vald til fullnaðarafgreiðslu skal fjöldi nefndarmanna standa á oddatölu. Til frekari skýringa er vísað til 42. gr. sveitarstjórnarlaga og athugasemda við þá grein í frumvarpinu.

Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málsskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í samþykkt skal jafnframt mæla fyrir um málsmeðferð þegar beiðni um endurupptöku er lögð fram fyrst og fremst til að taka af vafa um hver eigi að afgreiða endurupptökuna.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slikar ákvarðanir þurfa staðfestingu sveitarstjórnar.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til að fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr., getur farið fram á að sveitarstjórn, byggðaráð eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. til sveitarstjórnar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Dæmi um ákvæði sem felur í sér framsal á valdi til fastanefndar til að fullnaðarafgreiða mál:

X. gr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga, nr. 123/2010, án staðfestingar sveitarstjórnar, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 og 1. mgr. 36. gr. samþykktar þessarar:

a. Ákvörðun um það hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiluskipulagi eða grenndarkymmingu, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

b. Afgreiðir tillög um deiluskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagstofnumar um form deiluskipulagstöllu skv. 5. ml. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

c. Ákvarðanir sem vísa til sveitarstjórnar skv. X. kafla skipulagslaga um þvingunarúrræði og viðurlög, s.s. að staðfesta sem vísa stöðyun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi sbr. 53. gr. skipulagslaga og ákvarðanir um dagsektir, sbr. 54. gr. laganna.

Framangreindar afgreiðslur skipulags- og framkvæmdanefndar skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

37. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Til athugunar:

Sveitarstjórn þarf að taka ákvörðun um hvort leggja eigi fundargerðir fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu, en það veltur á ákvæði sem sveitarstjórn setur sér um fullnaðarafgreiðslu nefnda. Sjá námar í 41. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tillögur að mismunandi leiðum:

- Fundargerðir nefnda, ráða og stjórn skulu lagðar fyrir byggðarráð til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

- Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnaðast staðfestingar byggðarráðs eða sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárlátt í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn/byggðarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

38. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal setja reglur um meðferð óska um opna fundi þar sem fram komi skilyrði opnunar sbr. ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga um samráð við ibúa.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Nefndum er skyldt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt móttakvæðalaust á næsta nefndarfundi á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamla því ekki.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn af þeim lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsing um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

41. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

42. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnaðar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmaðra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

43. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Til athugunar:

Sveitarstjórn þarf að taka ákvörðun um hvort hún nýtir heimild 50. gr. sveitarstjórnarlaga um áheyrnarfulltrúa í fastanefndum (öðrum en byggðarráði). Þetta á þó ekki við um barnaverndarnefndir. Slikt skal koma fram í samþykkt.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

44. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags.

45. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli málss við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

46. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélags í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögðila.

47. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Til athugunar:

Hér eru talðar upp helstu nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélaga. Áréttar skal að eftirfarandi listi er til leiðbeiningar og er ekki tæmandi. Mikilvægt er að hafa í huga að sveitarfélög taka þátt í mjög mismunandi verkefnum sem þau kjósa eða tilnefna fulltrúa til. Þar af leiðandi tekur efni þessa ákvæðis ávallt mið af starfsemi þess sveitarfélags sem samþykktina setur.

Minnt er á að sveitarstjórn er heimilt að sameina nefndir þó að kveðið sé á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni. Taka þarf fram í samþykkt ef nefndir eru sameinaðar, þannig að fram komi hvaða nefnd fer með hlutverk lögboðinnar nefndar. Heiti sameinaðrar nefndar ræðst þá af ákvörðun sveitarstjórnar.

Áréttar skal að sveitarstjórn getur sett fastanefndum sínum erindisbréf eða samþykkt þar sem verkefnum þeirra er lýst nánar (framsal valds til fullnaðara greiðslu mála verður þó að vera tiltekið sérstaklega í samþykkt þessari eða viðauka við hana).

Byggðarráð. Kjósa skal [...] marga sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 26. gr. samþykktar þessarar.

Sveitarstjórn staðfesti fjölda í samþykkt og hvora leiðina hún samþykkir að fara við val á varamönnum. Í samþykkt þarf að koma fram hvort kosið er í byggðaráð til eins árs eða til fjögurra ára.

Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar. Kjósa skal þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 og skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórn fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórnar og laga um kosningar til Alþingis. Ennfremur kýs sveitarstjórn (eftir því sem við á):

Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrjá aðalmenn í hverja og jafnmarga varamenn.

Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrjá aðalmenn í hverja og jafnmarga varamenn.

Skipulagsnefnd skv. 6. gr. skipulagsla nr. 123/2010. Sveitarstjórn ákveður fjölda fulltrúa.

Byggingarnefnd skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 – Heimildarákvæði.

Félagsmálanefnd/-ráð. Sveitarstjórn ræður fjölda fulltrúa en aðalmenn skulu vera a.m.k. þrír og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Minnst fimm nefndarmenn skulu kjörnir effélagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar.

Leikskólanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Skólanefnd grunnskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólanefnd tónlistarskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Stjórn almenningsbókasafns. Sveitarstjórn kýs [...] marga aðalmenn og jafnmarga til vara í stjórnir almenningsbókasafna, sbr. 8. gr. bókasafnalaga, nr. 150/2012. k.

Hafnarstjórn: Sveitarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn samkvæmt lögum um hafnamál nr. 61/2003.

Fjallskilastjórn. Kosning fulltrúa í fjallskilastjórn þar sem það á við, sbr. 2. gr. laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Húsnaðisnefnd. Sveitarstjórn kýs [...] marga aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Stjórn veitustofnana (Stjórn hitaveitu /stjórn rafveitu /stjórn vatnsveitu/fráveitur). Sjá m.a. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, orkulög nr. 58/1967og lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Stjórnir og samstarfsnefndir.

Hér er oft um að ræða stjórnir stofnana/verkefna með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsverkefni sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar nema annað sé ákveðið. Dæmi um slik samstarfsverkefni eru:

Almannavarnanefnd. Sveitarstjórnir skipar [...] marga aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.

Heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samstarfsnefnd um brunavarnir ef við á (þ.e. ekki byggðasamlag).

Stjórnir Náttúrufræðistofa (ef við á).

Auk þess kýs eða tilnefnið sveitarstjórn fulltrúa í aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem hún á aðild að og á ársþing, ársfundi og aðalfundi stofnana og samtaka sem sveitarfélagið er aðili að. Þær nefndir, ráð, stjórnir, samtök og tilnefningar skulu tilgreind í þessari grein ásamt fjölda fulltrúa, kjörtímabili og hlutverki. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar nema kveðið sé á um annað og skal kosning fara fram á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar eða í júní ár hvert vegna þeirra tilnefninga sem gilda skemur.

Sem dæmi um slíkar kosningar má nefna:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn [...] marga aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.

Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

Landshlutasamtök sveitarfélaga. Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í stjórn og/eða aðalfund samkvæmt lögum þeirra samtaka sem við á.

Kosningar í byggðasamlög ef við á, sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tilnefningar í stjórnir ýmissa menningarstofnana og samstarfsverkefna.

Verkefnabundnar nefndir.

Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slikra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið.

Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slikra nefndar hvenær sem er.

48. gr.

Enduruptaka mála.

Eftir að starfsmaður, stjórn, nefnd eða ráð hefur tekið ákvörðun og hún hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggt á atvikum sem hafa breyst verulega frá því ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Enduruptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

VII. KAFLI

Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélaga.

49. gr.

Ráðning framkvæmdastjóra /oddvita sem framkvæmdastjóra.

Til athugunar:

Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri að ráða sameiginlegan framkvæmdastjóra. Ef sveitarstjórn ákveður að nýta þá heimild skal það sett í samþykkt.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélags. Sveitarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími framkvæmdastjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

50. gr.
Hlutverk oddvita.

Til athugunar:

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri þarf að setja í samþykkt ákvæði um hlutverk oddvita og taka ákvörðun um frekari útfærslu á hlutverki hans, sbr. það sem fram kemur í 50. gr. samþykktar þessara um hlutverk framkvæmdastjóra.

Oddviti fer með daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og byggðarráðs og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

51. gr.
Hlutverk framkvæmdastjóra.

Til athugunar:

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs, m.a. hvort hann leggur fram tillögu til fjárhagsáethlunar í byggðarráði skv. 57. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn skal setja í samþykkt hver gegnir staðengilshlutverki fyrir framkvæmdastjóramm.

Framkvæmdastjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar. Þar hefur hann málfrælsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem sveitarstjórn skipar.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir sveitarstjórnar, byggðarráðs og annarra nefnda sveitarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi sveitarstjórn ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarfélags. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki sveitarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

52. gr.
Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Til athugunar:

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags er hægt að kveða nánar um ráðningar starfsmanna eða vísa til sérstakrar samþykktar eða reglna sem sveitarstjórn samþykkir og birtir, t.d. hvað telst til fastra starfa,

hvernig skuli standa að auglýsingu starfa, hvernig skuli staðið að ráðningu lausráðinna starfsmanna, heimildir forstöðumanna til ráðninga o.s.frv. Ef annar er framkvæmdastjóri á að annast ráðningu tiltekinna starfsmanna, svo sem forstöðumenn sviða eða stjórnendur stofnana sveitarfélagsins, skal taka það sérstaklega fram í samþykkt.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarféluginu [...] og veitir þeim lausn frá starfi.

52. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Framkvæmdastjóri annast ráðningu annarra starfsmanna og veitir þeim lausn frá starfi, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt þessari eða með almennum fyrirmælum sem hafa verið birt.

53. gr.

Framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Til athugunar:

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða sérstökum viðauka við hana að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum er sveitarstjórn heimilt að fela einstökum starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu mála. Til frekari skýringa er vísað til 42. gr. sveitarstjórnarlaga og athugasemda við þá grein í frumvarpinu. Slíka ákvörðun skal setja í samþykkt.

Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt ofangreindu og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvárdanir sem eru teknar á grundvelli hennar. Þessi heimild hefur þó ekki áhrif á almennar heimildir starfsmamma sveitarfélags til töku ákvárdana sem varða daglegan rekstur og þjónustu sveitarfélags og teljast leiða af stöðuumboði þeirra.

Sá starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. framangreindu eða þriðjungur hlutaðeigandi fastanefndar getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Pegar sveitarstjórn nýtir heimildir skv. 1. eða 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga skal jafnframt kveða á um það í samþykkt sveitarfélagsins hvernig skuli fara með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðumar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlum sem sveitarstjórn hefur sett. Fullnaðarákvárdanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í samþykkt skal jafnframt mæla fyrir um málsmeðferð þegar beiðni um endurupptöku er lögð fram, fyrst og fremst til að taka af vafa um hver eigi að afgreiða endurupptökuna. Er að jafnaði miðað við að slík beiðni sé afgreidd af öðrum en þeim sem tók hina upphaflegu ákvörðun.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela einstaka starfsmönnum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Starfsmaður sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu getur farið fram á að sveitarstjórn, byggðaráð eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli.

Sveitarstjórn, byggðaráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvárdanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls sem hefur verið fullnaðarafgreitt á grundvelli 1. eða 2. mgr. til byggðaráðs.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Dæmi um ákvæði sem felur í sér framsal á valdi til starfsmanna til að fullnaðarafgreiða mál:

Y. gr.

Félagsmálastjóri afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein, skv. 2. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga og 2. mgr. 36. gr. samþykktar þessarar:

a. Umsóknir um fjárhagsaðstoð skv. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og reglum um fjárhagsaðstoð.

b. Umsóknir um leiguþúsnaði skv. lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

c. Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

d. Umsókn um stoðþjónustu, skv. 8. gr. og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2019.

Mál sem félagsmálastjóri afgreiðir skulu kynnt fjölskyldunefnd með skriflegri skýrslu á næsta fundi hennar.

53. gr.

Pagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn sveitarfélagsins [...] og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

54. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmenna sveitarfélagsins [...] fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélaga.

55. gr.

Fjárveldi sveitarstjórnarvalda sveitarstjórnar.

Til athugunar:

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags er heimilt að fela byggðarráði að taka fullnaðarákvarðanir í þeim málefnum sem tilgreind eru í 5. og 6. tölul. 1. mgr., 58. gr. sveitarstjórnarlaga enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðum rúmist innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við, sbr. 32. gr. í samþykkt þessarar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlunar skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

56. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Til athugunar:

Sveitarstjórn skal ákveða í samþykkt hvort byggðaráð eða framkvæmdastjóri leggi fram tillögu um fjárhagsáætlun.

Í 103. gr. sveitarstjórnarlaga er ákvæði sem kveður á um skyldu sveitarstjórnar til að veita íbúum upplýsingar um áætlunar sem varða þá með almennum hætti og einstök mál. Fjárhagsáætlun og undirbúningur hennar er dæmi um slíka áætlun. Ef sveitarstjórn svo kýs getur hún sett í samþykkt ákvæði um kynningu á undirbúningi fjárhagsáætlana, t.d. með opnum fundi á milli umræðna.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðaráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykktum stjórn sveitarfélags, leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárhheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda ráðuneytinu fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

57. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 56. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárfamlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkti áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda poli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

58. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og reglna sem settar eru á grundvelli ákvæðisins.

59. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárvkuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins [...] til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarsjónarlaga.

60. gr.
Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði eða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem ekki er byggðarráð og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélags, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

61. gr.
Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunar fyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélagini. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI
Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.

Til athugunar:
Sjá nánar um formskilyrði samstarfs sveitarfélaga í leiðbeiningum ráðuneytisins nr. SRN17129982 frá 20. ágúst 2020.

62. gr.
Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um rækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarða um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þau sérlög sem við eiga.

63. gr.
Samningar við einkaaðila.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélag, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

X. KAFLI
Samráð við íbúa – Þátttökulýðoræði.

Til athugunar:
Ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga eru mörg hver ný og hafa ekki verið í samþykktum sveitarfélaga, en á því eru vissulega undantekningar. Sveitarstjórn getur samþykkt sérstaka stefnu eða aðgerðir í lýðræðismálum og vísað til hennar í samþykkt eða sett í samþykkt nokkur slík grundvallaratriði. Dæmi um slík ákvæði eru:

- *Að íbúum sveitarfélags og þeim sem njóta þjónustu þess séu tryggðir möguleikar til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúnинг stefnumótunar, sbr. 102. gr. sveitarstjórnarlaga.*
- *Virk upplýsingagjöf til íbúa á vefsíðum, með útgáfu fréttabréfs, fundum í tengslum við fjárhagsáætlun og fleira, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.*
- *Samráð, við íbúa, með því að halda borgarafundi um mikilvæg málefni eða íbúapring. Í 105. gr. sveitarstjórnarlaga er mælt fyrir um hvernig sveitarstjórn skal boða til og halda borgarafund.*
- *Almennar ráðgefandi og/eða bindandi íbúakosningar meðal íbúa sveitarfélagsins um einstök málefni þess. Í 107. gr. sveitarstjórnarlaga er mælt fyrir um hvernig að slíkri kosningu skuli staðið.*
- *Að skipuleggja starfsemi sveitarfélagsins eftir staðbundnum forsendum, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um hvað þurfi að koma fram í samþykktum ef slík nefnd er kosin. Meta þarf hvort nánari útfærsla á heima í þessum kafla eða í nefndarkaflanum þar sem slík nefnd mundi teljast til fastanefnda.*

64. gr.

Borgarafundir, íbúapring, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúapring og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

65. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef [...] (lágmark 20% hámark 33,333%) þeirra sem kosningarétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftarsöfnunar, hlutverk sveitarstjórnna og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. gr. og 108 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

66. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn [...] hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn [...]